

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið 1. febrúar 1984.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 371 25. október 1976
um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.**

1. gr.

1. másl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er 1 200,00 kr., en verð endurnýjunarmiða í hverjum flokki 100,00 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, öðlast gildi 10. apríl 1984.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 48 28. janúar 1983.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. janúar 1984.

Jón Helgason.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð fyrir Þjóðleikhús nr. 549 1. september 1982.

1. gr.

2. mgr. 10. gr. orðist svo:

Í leikritavalsnefnd skulu sitja: einn fulltrúi kjörinn af þjóðleikhúsráði, einn kjörinn af fastráðnum leikurum hússins úr þeirra hópi og einn leikstjóri starfandi innan stofnunarinnar, kjörinn af fastráðnum leikstjórum, leikmyndateiknnum og leikurum. Fulltrúar og varamenn þeirra í leikritavalsnefnd skulu kjörnir til tveggja ára í senn.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 58 12. maí 1978 um Þjóðleikhús og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 16. janúar 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Sólveig Ólafsdóttir.